

## REGLUGERÐ

### um lágmarksmöskvastærðir loðnunóta.

#### 1. gr.

Lágmarksstærð möskva í loðnunótum, sem heimilt er að nota til loðnuveiða skal vera:

1. Séu möskvar loðnunótarinnar ferhyrmdir er lágmarksmöskvastærðin 19.6 mm.
2. Séu möskvar loðnunótarinnar sexhyrmdir er lágmarksmöskvastærðin 16.0 mm.

#### 2. gr.

Þegar möskvi er mældur, skal hann teygður horna á milli eftir lengd netsins. Skal þá flöt mælistika, jafnbreið leyfilegri lágmarksmöskvastærð og 2 mm þykk, komast auðveldlega í gegnum möskvann. Netið skal mælt vott.

#### 3. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum á reglugerð þessari, skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og ákvæðum laga nr. 34, 17. maí 1976, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands.

#### 4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og lögum nr. 34, 17. maí 1976, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 106, 20. febrúar 1985, um lágmarksmöskvastærðir loðnunóta.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 1. júní 1994.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Jón B. Jónasson.*